

Knattspyrnudeild Stjórnunnar

Sæmundur Friðjónsson, formaður
Baldvin Sturluson, framkvæmdastjóri
Þorvaldur Örlygsson, rekstrarstjóri

Reykjavík, 7. september 2023

Úrskurður: Skýrsla eftirlitsmanns á leik KA og Stjórnunnar 26. ágúst 2023

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann 29. ágúst 2023, var tekin fyrir skýrsla frá eftirlitsmanni KSÍ á leik KA og Stjórnunnar í Bestu deild karla þann 26. ágúst sl. Í samræmi við ákvæði 5.1.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar nefndin m.a. um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna KSÍ í leikjum í Íslandsmóti KSÍ. Skýrsla eftirlitsmanns á leiknum er svohljóðandi:

„Undir lok leiks sauð upp úr á milli stuðningsmanna liðanna. Byrjaði með köllum á milli hópanna. Allt ætlaði svo að verða vitlaust þegar einhverju var kastað úr hópi stuðningsmanna heimaliðsins inn í hóp stuðningsmanna gestanna. Í kjölfarið henda stuðningsmenn gestaliðsins bjórdósum. Eftirlitsmaður sá tvær dósir koma fljúgandi úr stúkunni. Önnur lendir á skiltum fyrir framan stúkuna en hin fer inná völlinn og lendir ekki langt frá aðstoðardómara tvö. Mikil rifrildi urðu á milli stuðningsmanna. KA menn voru fljótir að fjölga í gæslunni og voru mættir margir aðilar í gulum vestum til að standa á milli stuðningsmanna og róa menn niður. Hegðun sem þessi á einfaldlega ekki að sjást og til háborinnar skammar fyrir báða stuðningsmannahópa.“

Á fundi þann 29. ágúst leit aga- og úrskurðarnefnd svo á að atvik, sem lýst er í tilvitnaðri skýrslu eftirlitsmanns, gætu varðað við grein 12.9. og/eða grein 5.10. laga KSÍ. Jafnframt leit nefndin svo á að atvik gætu varðað við ákvæði 2. mgr. 16. greinar agareglna FIFA (FIFA Disciplinary Code).

Á fundi nefndarinnar þann 5. september 2023 lá fyrir sameiginleg greinargerð frá Knattspyrnudeildum Stjórnunnar og KA sem barst nefndinni þann sama dag. Í greinargerðinni kemur eftirfarandi fram:

„Undir lok leiks KA og Stjórnunnar í Bestu deild karla þann 26 ágúst síðastliðinn urðu smá læti í lok leiks milli stuðningsmanna liðanna. Á meðan á leik stóð þá var góð stemming og eðlileg hvatning sem átti sér stað milli hópanna. Sá stuðningur var allur innan eðlilegra marka og engar athugasemdir gerðar þar. Í lok leiks fóru menn aðeins yfir strikið og brást gæsla heimaliðs strax við með því að fjölga gæslumönnum á svæðinu og staðsetti gæslufólk sig á milli hópanna og urðu ekki neinir eftirmálar af því. Að leik loknum tókust menn í hendur og málið því afgreitt að okkar mati.“

Ljóst er að ekkert sem gerðist á leiknum var á einhvern hátt ógnandi eða hættuleg fyrir þá sem voru á leiknum. Vissulega var þetta óheppilegt og ekki til

fyrirmyndar en strax daginn eftir ræddu félögin saman, báðust bæði afsökunar og fóru yfir málin. Engir eftirmálar hafa orðið á milli félaganna og gott samstarf þeirra á milli hér sem áður fyrr verður óbreytt.

Hafa bæði félög rætt við sína stuðningsmenn og ítrekað það að menn láti kappið ekki fara með sig í hita leiksins á sama tíma og við hvetjum stuðningsmenn okkar til að mæta, syngja og hvetja lið sín áfram með skemmtilegum söngvum og hvatningarópum.“

Niðurstaða

Að virtri greinargerð knattspyrnudeilda Stjórnunnar og KA og öðrum fyrirbyggjandi gögnum er það álit nefndarinnar að framkoma áhorfenda í framangreindum leik KA og Stjórnunnar hafi verið vítaverð og hættuleg og falli undir ákvæði 12.9.d í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Ef forystumaður aðildarfélags, sem ekki er á leikskýrslu eða áhorfandi gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum, þjálfurum eða öðrum er heimilt að sekta viðkomandi aðildarfélag um allt að kr. 200.000. Ef brot telst alvarlegt eða um ítrekun er að ræða er auk þess heimilt að setja viðkomandi lið í heimaleikjabann, þar til öryggi leikmanna, þjálfara og annarra telst tryggt.“

Með vísan til framangreinds ákvað aga- og úrskurðarnefnd KSÍ að sekta knattspyrnudeild Stjórnunnar vegna framkomu áhorfenda liðsins á leik KA og Stjórnunnar í Bestu deild karla þann 26. ágúst sl. Þykir upphæð sektar knattspyrnudeildar Stjórnunnar hæfilega ákveðin kr. 100.000. Við ákvörðun viðurlaga knattspyrnudeildar Stjórnunnar tekur nefndin mið af úrskurði á hendur knattspyrnudeild Stjórnunnar dags. 18.8.2023. Hefur úrskurður í fyrirbyggjandi máli því ítrekunaráhrif sem sektarákvörðun tekur mið af.

Til grundvallar niðurstöðu vísar nefndin einnig til e) liðar 2. mgr. 16. gr. agareglna FIFA en í samræmi við grein 23.2. eru agareglur FIFA (*FIFA Disciplinary Code*) ákvæðum reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál til fyllingar, eftir því sem við á. Ákvæði b) liðar 2. mgr. 16. agareglna FIFA er svohljóðandi:

*All associations and clubs are liable for inappropriate behaviour on the part of one or more of their supporters as stated below and may be subject to disciplinary measures and directives even if they can prove the absence of any negligence in relation to the organisation of the match:
b) the throwing of objects;*

Úrskurðarorð:

Knattspyrnudeild Stjórnunnar skal sæta sekt að upphæð kr. 100.000,- til KSÍ.

Um áfrýjun:

Samkvæmt grein 16.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Virðingarfyllt,
f.h. Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,

Fannar H. Rúnarsson